



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 18. febrúar 2015

Reglugerðabreytingar

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 13. febrúar s.l. voru eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ samþykktar. Breytingarnar voru jafnframt kynntar á ársþingi KSÍ 14. febrúar s.l.

Reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál.

Núverandi ákvæði:

6. gr.

Agamál

6.1. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/ athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

6.3. Það er grundvallarregla að myndbandsupptökur skulu ekki notaðar við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota. Ef það er hins vegar mat nefndarinnar að fyrirbyggjandi gögn séu ófullnægjandi eða misvísandi sem grundvöllur er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur.

6.4. Nefndin getur orðið við kröfu aðila að um málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærúmál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög. Skrifleg krafa um slíkt skal berast nefndinni innan sólarhrings eftir umræddan atburð og tekur nefndin ákvörðun um kröfu aðila. Fallist nefndin á slíka kröfu skal málið fara í flýtimeðferð skv. grein 7.6. Fallist nefndin ekki á að meðferð málsins fari skv. meðferð kærúmála, eins og við getur átt, úrskurðar nefndin samkvæmt fyrirbyggjandi atvikaskýrslum skv. grein 6.1. Um áfrýjun fer skv. grein 15.2.

Verður: (breytingar skáletraðar)

6.gr. Agamál

6.1.

a) Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ.

b) Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

c) *Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við.*

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

6.3. *Almennt eru myndbandsupptökur ekki notaðar við ákvörðun viðurlaga vegna agabrot, sbr. þó 6.1. (c).* Ef það er hins vegar mat nefndarinnar að fyrirliggjandi gögn séu ófullnægjandi eða misvísandi sem grundvöllur er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur.

6.4. Nefndin getur orðið við kröfu aðila að um málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög.

Skrifleg krafa um slíkt skal berast nefndinni innan sólarhrings eftir umræddan atburð og tekur nefndin ákvörðun um kröfu aðila. Fallist nefndin á slíka kröfu skal málið fara í flýtimeðferð skv. grein 7.6. Fallist nefndin ekki á að meðferð málsins fari skv. meðferð kærumála, eins og við getur átt, úrskurðar nefndin samkvæmt fyrirliggjandi atvikaskýrslum skv. grein 6.1. Um áfrýjun fer skv. grein 15.2.

Skýring: Myndbandsupptökur heimilaðar í takt við reglur FIFA í þeim tilfellum sem dómarar sjá ekki alvarleg agabrot.

Reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál.**Núverandi ákvæði:**

16.1 Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki. Jafnframt skal viðkomandi sæta banni frá viðkomandi leikvelli og sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt nema að lágmarki kr. 150.000.

Verður: (breytingar skáletraðar)

16.1 Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt félags nema að lágmarki kr. 150.000.

Skýring: Kveðið skýrt á um heimild til að sekta félag vegna brota á þessari grein.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Núverandi ákvæði:

14.1 Félagi er óheimilt að gera samning við leikmann eða félagaskiptasamning sem gerir öðrum samningsaðila, eða þriðja aðila, kleift að hafa áhrif á sjálfstæði félagsins, stefnumál þess eða frammistöðu keppnisliða.

Verður: (breytingar skáletraðar)

14.1

a) Félagi er óheimilt að gera samning við félag/félög, og öfugt, eða nokkurn þriðja aðila, sem gerir þeim kleift að hafa áhrif á sjálfstæði félagsins í ráðningar- og félagsskiptatengdum málum, stefnumál félagsins eða frammistöðu keppnisliða þess. Þriðji aðili er aðili annar en þau tvö félög sem semja um félagaskipti eða félag sem leikmaðurinn hefur áður verið skráður hjá.

b) Félagi eða leikmanni er óheimilt að gera samning við þriðja aðila sem gerir honum kleift að eiga hlutdeild í, að hluta eða öllu leyti, félagaskiptabótum sem kunna að verða til við félagaskipti leikmanns í framtíðinni eða afsala til þriðja aðila réttindi í framtíðinni tengd félagaskiptum eða félagaskiptabótum.

c) Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og/eða FIFA er heimilt að beita þau félög viðurlögum sem brjóta gegn ákvæðum 14.1.

Skýring: Nýtt skylduákvæði FIFA, bann við eignarhaldi þriðja aðila.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Núverandi ákvæði:

15.3. Þegar tilkynning um félagaskipti berst skrifstofu KSÍ er keppnisleyfi gefið út samdægurs ef öllum formsatriðum sem lýst er hér að framan er fullnægt og skrásetningargjald er greitt. Móttökudagur er skráður sá dagur þegar öllum formsatriðum hefur verið fullnægt.

15.4. Leikmaður fær keppnisleyfi þegar skrifstofa KSÍ hefur mótttekið fullfrágengna tilkynningu um félagaskiptin og skal leikmaðurinn fá keppnisleyfi með nýja félaginu frá og með næsta degi eftir móttöku. Almenn skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður tilkynning sem berst um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi.

Verður: (breytingar skáletraðar)

15.3. Þegar tilkynning um félagaskipti er fullfrágengin, undirrituð af leikmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í, auk þess sem skrásetningargjald er greitt, skal gefa út keppnisleyfi sem tekur gildi með nýju félagi næsta dag eftir að öllum ofangreindum formsatriðum hefur verið fullnægt.

15.4. Almenn skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður tilkynning sem berst um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. Berist tilkynning um félagaskipti undirrituð af leikmanni og félagi sem gengið er í, fyrir miðnætti á lokadegi félagaskiptatímabils skal íslensku félagi sem gengið er úr gefinn einn virkur dagur til að ganga frá félagaskiptunum með undirritun. Keppnisleyfi með nýju félagi getur því tekið gildi í slíkum tilfellum nokkrum dögum eftir að félagaskiptatímabili lýkur en við útgáfu slíks keppnisleyfis ber að gæta þess að a.m.k. tveir dagar líði á milli leikja hjá leikmanninum. Þegar félagið sem gengið er úr er erlent skulu reglur FIFA gilda og getur keppnisleyfi verið gefið út allt að 7 dögum frá lokadegi félagaskiptatímabils.

Skýring: Frestur til að ganga frá formsatriðum vegna félagaskipta innanlands við lok félagaskiptaglugga er lengdur ef undirskrift félags sem gengið er úr vantar. Aðeins er þó um einn virkan dag að ræða. Ef hins vegar er um félagaskipti að ræða til Íslands frá útlöndum gilda reglur FIFA (allt að 7 daga frestur).

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Nýtt ákvæði komi í 14. grein er varðar vanefndir: (önnur ákvæði taka númer í samræmi við breytinguna)

14.16 Vanefndir

- i. Félagum ber að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum og öðrum félögum skv. efni þeirra leikmanna-, sambands- eða félagaskiptasamninga sem það er aðili að.
- ii. Málum sem varða meint brot á grein þessari skal vísa til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.
- iii. Félag sem hefur vanefnt greiðsluskyldu sína í meira en 30 daga án þess að hafa samið um greiðslufrest má beita viðurlögum í samræmi við lið v. hér fyrir neðan.
- iv. Til þess að félag teljist vera í vanskilum skv. ákvæði þessu verður leikmaður eða félag sem á kröfu á hendur félaginu að senda því tilkynningu um vanskil þar sem félaginu eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að efna skyldur sínar skv. samningnum.
- v. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur gripið til neðangreindra viðurlaga gagnvart félagi sem ekki hefur uppfyllt skyldur sínar skv. framangreindu:
 - a. Viðvörðun
 - b. Áminning
 - c. Sekt
 - d. Félagaskiptabann, sem felur í sér bann við skráningu nýrra leikmanna, innlendra og erlendra, í eitt eða tvö félagaskiptatímabil.
- vi. Heimilt er að beita fleiri en einum viðurlögum samtímis.
- vii. Ítrekuð vanskil leiða til þyngingar viðurlaga.
- viii. Aga- og úrskurðarnefnd getur frestað, að félagaskiptabann skv. grein v. d-lið, komi til framkvæmda. Frestun á framkvæmd félagaskiptabanns getur varað frá 6 mánuðum í allt að 2 ár.
- ix. Ef félag sem nýtur frestunar á framkvæmd félagaskiptabanns skv. grein viii, brýtur að nýju af sér á því tímabili, fellur frestunin þegar í stað niður og félagaskiptabannið tekur þegar gildi og viðurlög vegna hins nýja brots bætast við viðurlög vegna hins eldra brots eða eldri brota.
- x. Ákvæði þessarar greinar 14.16 eru sjálfstæð gagnvart öðrum ákvæðum og viðurlögum sem félag kann að baka sér vegna einhliða og ólögmetrar riftunar á samningi.

Skýring: Nýtt skylduákvæði FIFA sem fjallar um vanefndir og viðurlög við þeim.

Breytingarnar taka gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ